

Reykjavík, 13. mars 2023

Til: Innkaupa- og framkvæmdaráð

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um vetrarþjónustu-snjómokstur varðandi greiðslufrest.

Þjónustuver
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Umhverfis- og
skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

411 1111

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í innkaupa- og framkvæmdaráði lögðu fram eftirfarandi fyrirspurn á 97. fundi ráðsins dagsettan 5. janúar 2023:

Samningar sem gerðir voru sl. haust vegna vetrarþjónustu/snjómoksturs voru með ákvæði um 30 daga greiðslufrest. Þessi frestur var ekki inni fyrri samningum.

1. Hver er ástæða fyrir því að þessi frestur var settur inn ?
Í framhaldi af hruninu 2008 ákvað Reykjavíkurborg að áskilja sér 30 daga greiðslufrest miðað við komudags reikninga nema að um annað hafi sérstaklega verið samið. Í framhaldi af því var óskað eftir að sá gjaldfrestur yrði settur fram almennt í útboðsgögnum á vegum Reykjavíkurborgar.
2. Hver er meðaltími frá því að Reykjavíkurborg móttækur reikninga vegna vetrarþjónustu og þar til er greitt síðastliðin þrjú ár ?
Meðaltími frá því að reikningar vegna vetrarþjónustu/snjómoksturs eru skráðir inn í bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar og þar til þeir eru greiddir síðastliðin 3 ár er 16,2 dagar.
3. Verktrygging hjá Reykjavíkurborg er í sumum tilfellum hærri en hjá öðrum nágrannasveitarfélögum, hver er rökin á bakvið þá prósentu sem ákveðin er í verktryggingu?
Hjá Reykjavíkurborg hefur verktrygging almennt verið 15% af framkvæmdakostnaði. Í þjónustuverkefnum líkt og vetrarþjónustu hefur almennt verið miðað við sömu prósentutölu, þannig að verktrygging sé 15% af samningsfjárhæð hvers árs, hvort sem boðið er út til eins árs eða fleiri ára.



Hjalti Jóhannes Guðmundsson
Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins
hjalti.johannes.gudmundsson@reykjavik.is
Sími: 693-2500